

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hrings árið 2015

Æskulýðsnefnd skipa: Ásdís Erla Gísladóttir, Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, Christina Niewert, Bergþóra Sigtryggisdóttir, Lilja Guðnadóttir, Bergljót V Jónsdóttir, Dagbjört Ásgeirsdóttir, Inga María S. Jónínudóttir

Starf æskulýðsnefndar frá október 2014-október 2015

Veturinn byrjaði á hinu árlega jólabingói Æskulýðsnefndar sem haldið var 5. desember. Margir flottir vinningar fengust í boði fyrirtækja og einstaklinga í byggðalaginu og glæsilegt veisluborð sem þátttakendur lögðu í saman. Þar var að venju mikið af góðu fólki og fóru allir kátir heim. Að þessu sinni fór bingóið fram í Mímisbrunni, húsi félags eldri borgara á Dalvík, vegna breytinga á félagsaðstöðunni í Hringsholti.

Eftir áramót var hist í félagsaðstöðunni og reiðkennslan kynnt. Kennarar voru Guðrún Rut Hreiðarsdóttir og Christina Niewert. Reiðkennslan fór fram aðra hverja helgi og byrjaði venju samkvæmt á því að nemendur báru á reiðtigin sín. Um tuttugu börn og unglingar sóttu námsskeiðin. Kennslan var bæði bókleg og verkleg að þessu sinni.

Þetta árið tók félagið ekki þátt í sýningunni Æskan og Hesturinn. Krökkunum hefur þótt þetta mjög gaman og vonandi getum við verið með næsta vor.

Páskamót Æskulýðsnefnadar Hrings var haldið að venju og tókst það mjög vel. Margir tóku þátt, allir keppendur fengu páskaegg að móti loknu og í félagsaðstöðunni var boðið upp á kaffi og meðlæti. Sett var upp leikjabraut að lokinni dagskrá og öllum boðið að spreyta sig.

Undir vor var skipulögð vettfangsferð inn í Eyjafjörð og Hörgárdal, en ekki var þátttaka nægileg og ferðinni því frestað. Reynt verður að koma ferðinni á sem fyrst.

Sveinbjörn Hjörleifsson hélt reiðnámsskeið fyrir börn yfir sumarið eins og áður. Þessi námsskeið eru mikið sótt og vel heppnuð í alla staði.

Hin árlega Stekkjarhúsferð Æskulýðsnefndar var farin í júlí. Hélt þá um 30 manna hópur ríðandi, og keyrandi, fram í botn Skíðadals þar sem gist var í gangnamannaskála Sveinsstaðaafréttar eina nótt. Þar er grillað og sprellað fram eftir kvöldi. Þetta árið ringdi þónokkuð á fylkinguna svo leikir voru færðir upp á svefnloft Stekkjarhússins, en það fékk ekki á stemmninguna. Öllum var velkomið að slást í för, en yngsti fullgildi reiðmaðurinn var að þessu sinni átta ára og sá elsti, langa amman, var 78 ára.

Unglingar félagsins tóku þátt í mörgum mótum víðsvegar um landið á árinu. Þau stóðu sig með mikilli þrýði og eru félaginu til mikills sóma.